



# Brotthvarf úr framhaldsskóla: Mismunabreytur í Íslensku æskulýðsrannsókninni

Kristín Björnsdóttir og Hjördís Birna Ingvadóttir

► Abstract      ► Um höfunda      ► About the authors      ► Heimildir

Brotthvarf úr framhaldsskóla er eitt helsta viðfangsefni íslenska menntakerfisins þar sem hlutfall ungs fólks sem hverfur frá námi er tiltölulega hátt í samanburði við önnur OECD-ríki. Markmið rannsóknarinnar var að greina hvernig félagslegir og efnahagslegir þættir tengdust brotthvarfi úr framhaldsskóla. Skoðað var hvort og hvernig þessir þættir réðust af kyni og mótuðu framtíðarsýn ungmenna sem horfið höfðu frá námi. Rannsóknin byggir á gögnum úr Íslensku æskulýðsrannsókninni frá árinu 2022 og nær til 878 einstaklinga á aldrinum 18–24 ára sem annars vegar voru í námi eða höfðu lokið námi og hins vegar einstaklinga sem voru utan skóla. Svarhlutfallið var 43,9%. Líkur á brotthvarfi voru greindar með tvíundargreiningu. Niðurstöður sýndu að piltar voru marktækt líklegri til að hverfa frá námi en stúlkur. Veikt fjárhagslegt bakland, lægra menntunarstig foreldra og skortur á hvatningu í grunnskóla jók einnig líkur á brotthvarfi. Ungmenni utan skóla voru jafnframt síður bjartsýn á framtíðina og töldu sig ólíklegri til að staarfa við eitthvað sem þeim þótti skemmtilegt við 30 ára aldur. Niðurstöðurnar voru rýndar út frá feminískum kenningum um samtvinnun mismunabreyta (e. intersectionality), sem gáfu til kynna að brotthvarf skýrðist ekki af einni breytu heldur samspili kerfislegra og félagslegra þátta sem mótuðu ólíkar aðstæður ungmenna.

**Efnisorð:** brotthvarf, kyn, fjárhagslegt bakland, menntun foreldra, hvatning foreldra, framtíðarsýn, samtvinnun

## Inngangur

Brotthvarf úr námi í framhaldsskóla er meðal helstu áskorana menntakerfa á heimsvísu. Rannsóknir sem gerðar hafa verið á brotthvarfi sýna að brotthvarf úr námi getur haft víðtækar afleiðingar, bæði fyrir einstaklinga og samfélagið í heild. Fyrir einstaklinga getur brotthvarf takmarkað framtíðartækifæri á vinnumarkaði og í námi, á meðan samfélagið finnur fyrir skertu framlagi til verðmætasköpunar og auknum ójöfnuði (Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022; OECD, 2024; Rumberger, 2011, 2024).

Brotthvarf hefur verið töluvert rannsakað á Íslandi (sjá t.d. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Valgerður S. Bjarnadóttir, 2016; Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2011; Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014; Ólöf Garðarsdóttir o.fl., 2022), enda er það nokkuð hátt í samanburði við önnur OECD-ríki (OECD, 2024). Stjórnvöld og menntastofnanir hafa á undanförunum árum markvisst unnið að því að sporna við brotthvarfi (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Valgerður S. Bjarnadóttir, 2016; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2011) sem er jafnframt einn af mælikvörðum stjórnvalda á hagsæld og lífsgæði (Forsætisráðuneytið, 2019). Þrátt fyrir að menntunarstig OECD-ríkjanna hafi almennt hækkað á undanförunum árum, þar á meðal á Íslandi (Hagstofa Íslands, 2023; OECD, 2024), var hlutfall

nemenda sem hættu námi í íslenskum framhaldsskólum um 20% árið 2019 (Hagstofa Íslands, e.d.-a) sem er yfir meðaltali OECD-ríkjanna (OECD, 2024). Alþjóðlegar tölur og rannsóknir benda til þess að jaðarhópar og einstaklingar í viðkvæmri stöðu séu oft og tíðum líklegri en aðrir til að hverfa frá námi. Til að mynda eru fatlaðir nemendur, innflytjendur, flóttafólk og aðrir minnihlutahópar í aukinni hættu á brotthvarfi (Eurostat, 2025-a; Ferri og Ashby, 2017; OECD/European Union, 2018; Ólöf Garðarsdóttir o.fl., 2022; Rumberger, 2011).

Málefnið er því brýnt og fellur vel að markmiði Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar (ÍÆ), sem er að safna gögnum um velferð og viðhorf barna og ungmenna. Menntavísindastofnun Háskóla Íslands er framkvæmdaraðili verkefnisins fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið á grundvelli 12. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 (Íslenska æskulýðsrannsóknin, e.d.). Miklar breytingar hafa orðið á íslensku samfélagi og skólakerfi á undanförunum misserum sem lýsir sér m.a. í bættu aðgengi og aðsókn að framhalds- og háskólastiginu (Berglind Rós Magnúsdóttir og Sonja Kosunen, 2024). Af þeim ástæðum er mikilvægt að halda áfram að beina sjónum að þeim þáttum sem tengjast brotthvarfi úr framhaldsskólum. Markmið rannsóknarinnar var að greina hvernig félagslegir og efnahagslegir þættir tengdust brotthvarfi úr framhaldsskóla. Skoðað var hvort og hvernig þessir þættir réðust af kyni og mótuðu framtíðarsýn ungmenna sem horfið höfðu frá námi. Rannsóknin byggir á gagnasafni ÍÆ en auk tölfræðilegra útreikninga var feminískum kenningum um samtvinnun (e. intersectionality) beitt við túlkun gagnanna (Crenshaw, 1989; D'Ignazio og Klein, 2020; Lykke, 2010; Yuval-Davis, 2006). Sú nálgun gerir kleift að varpa ljósi á hvernig kyn, efnahagsleg og félagsleg staða skarast og hefur áhrif á skólagöngu og framtíðarsýn ungmenna.

## Brotthvarf úr námi

Margar mismunandi leiðir eru til að skilgreina brotthvarf en könnun ÍÆ náði til ungs fólks á aldrinum 18–24 ára sem ekki höfðu lokið framhaldsskólanámi. Í könnuninni er brotthvarf skilið sem tímabundið og/eða varanlegt ástand, þ.e. annaðhvort er einstaklingur í námi eða ekki. Þessi skilningur samræmist skilgreiningu Evrópusambandsins um *early school leavers* (Eurostat, e.d.-b). Kristjana Stella Blöndal (2014) bendir á að varasamt sé að líta á brotthvarf sem endanlegt ástand einstaklings enda geta nemendur horfið frá námi, byrjað aftur og lokið framhaldsskóla síðar. Bent hefur verið á að sveigjanleiki íslenska skólakerfisins og möguleikinn á að snúa aftur í nám dragi úr afleiðingum brotthvarfs að einhverju leyti (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Valgerður S. Bjarnadóttir, 2016; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2011) en endurkomuhlutfall er hátt á Íslandi. Kolbeinn Hólmur Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson (2022) benda einnig á að þegar skoða eigi afleiðingar brotthvarfs þurfi að taka tillit til þess hve lengi brotthvarfið varir. Í sumum tilfellum sé eingöngu um hlé á námi að ræða og því ekki endilega hægt að skilgreina það sem brotthvarf. Hlutfall fólks á aldrinum 20–24 ára árið 2024 sem hefur aðeins lokið grunnskólanámi er hátt á Íslandi (29,1%) í samanburði við önnur Evrópulönd (15,7%) (Eurostat, 2025-b). Ísland er á hinn bóginn ólíkt öðrum Evrópuríkjum þar sem nokkuð stórt hlutfall útskrifast hér á landi úr framhaldsskólanámi eftir að hafa náð 25 ára aldri (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Valgerður S. Bjarnadóttir, 2016; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2011) sem skýrist af því hversu opið íslenska kerfið er í inntöku nemenda.

Önnur leið til að skilgreina brotthvarf er að gera það út frá brautskráningarhlutfalli líkt og Hagstofa Íslands (2023) gerir. Tölur Hagstofunnar byggja á svokölluðu árgangsbrotthvarfi þar sem innrituðum nýnemum í dagskóla er fylgt eftir og staðan tekin eftir fjögur ár, sex ár og sjö ár. Ókosturinn við slíka nálgun er að hún nær ekki til þeirra sem aldrei hefja nám í framhaldsskóla. Í samanburði við önnur OECD-lönd er hlutfall ungs fólks (18–24 ára) sem hvorki er í námi né á vinnumarkaði mjög lágt (OECD, 2024). Líklega er það tilkomið vegna tækifæra á vinnumarkaði og aukins aðgengis að námi í framhaldsskólum, en árið 2008 var komið á fræðsluskyldu til 18 ára aldurs sem þýðir að öll ungmenni eiga rétt á að stunda nám í framhaldsskóla (lög um framhaldsskóla nr. 92/2008).

Enn önnur leið til að skilgreina brotthvarf úr námi er að líta á það sem ferli eða samspil einstaklings og umhverfis. Þessi nálgun hefur verið notuð af fræðafólki á sviði brotthvarfs í auknum mæli

(Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022; Kristjana Stella Blöndal, 2014; Rumberger, 2011). Brotthvarf sem ferli gerist yfir langan tíma og hefst oft og tíðum löngu áður en nemandinn hefur nám í framhaldsskóla. Af þeim sökum skipta náms- og félagslegar aðstæður á grunnskólastigi miklu máli í rannsóknum á brotthvarfi (Rumberger, 2011). Þar sem brotthvarf ungs fólks úr framhaldsskóla mótast af flóknum félagslegum þáttum er mikilvægt að skoða sérstaklega kynjavidd brotthvarfsins, auk efnahagslegra og félagslegra þátta.

### ***Kynjavinkill brotthvarfs***

Brotthvarf meðal pilta er meira en meðal stúlkna, sem er þó ekki séríslenskt fyrirbæri því piltar hverfa einnig frekar frá námi í nágrannalöndunum (Jørgensen, 2015; Mausethagen og Skedsmo, 2024; Rolfe og Rosén, 2022). Opinberar tölur um brotthvarf sýna að 26,4% pilta hurfu úr framhaldsskólanámi árið 2019 í samanburði við 14,9% stúlkna. Þetta þýðir að nærri 64% þeirra sem hættu í námi árið 2019 eru piltar (Hagstofa Íslands, e.d.-a). Í nýlegri rannsókn sýndu Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson (2022) fram á að 77,4% af muninum á brotthvarfslíkum pilta og stúlkna mætti rekja til frammistöðu í námi. Þannig hefur námsárangur mikið forspárgildi varðandi brotthvarf og ber að varast að draga þá einföldu ályktun að kyn eitt og sér geti valdið brotthvarfi, en brotthvarfstíðni meðal pilta hefur styrkt þá víðtæku hugmynd að íslenska skólakerfið henti betur stúlkum en piltum (Gísli Gylfason og Gylfi Zoëga, 2021; Tryggvi Hjaltason, 2024). Það hefur orðið til þess að stúlkur sem hverfa frá námi fá litla athygli í opinberri og fræðilegri umræðu og brotthvarf þeirra er nærri ósýnilegt í umræðunni.

Stúlkur sækjast frekar í almennt bóknám heldur en starfsnám á meðan meirihluti þeirra sem sækist í starfsnám eru piltar (Elsa Eiríksdóttir og Sæberg Sigurðsson, 2023). Brotthvarf úr almennu bóknámi er talsvert minna í samanburði við starfsnám (Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022). Ýmsir þættir geta haft áhrif á brotthvarfstíðni starfsnáms en þess ber að geta að nemendur í starfsnámi á framhaldsskólastigi eru almennt eldri en bóknámsnemendur (Elsa Eiríksdóttir og Rosvall, 2019). Kynjahalli er einnig áberandi á ýmsum sviðum starfsnáms en nám í blikksmíði hefur til dæmis talist karllægt þar sem fáar konur hafa lokið náminu á meðan nám í snyrtifræði telst vera kvenlægt þar sem eingöngu konur hafa sótt það nám (Hagstofa Íslands, e.d.-d). Karlar eru á hinn bóginn líklegri en konur til að ljúka starfsnámi (Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016) og hefur umsóknum kvenna í starfsnám farið fækkandi á undanförunum misserum á meðan fjöldi umsókna frá körlum hefur haldist nokkuð stöðugur (Elsa Eiríksdóttir og Sæberg Sigurðsson, 2023).

Árið 2019 hættu 328 stúlkur í framhaldsskólanámi og voru að meðaltali 400 árin þar á undan (Hagstofa Íslands, e.d.-a). Niðurstöður LÆ benda til þess að stúlkum líði verr en strákuum í grunnskóla og upplifi meiri kvíða (Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2025) en erlendar rannsóknir hafa sýnt að stúlkur upplifi oft og tíðum meiri pressu varðandi námsárangur og lendi þar af leiðandi frekar í kulnun í námi (Salmela-Aro og Tynkkynen, 2012). Það er því vafasamt að halda því fram að skólakerfið henti þeim betur en piltum og því mikilvægt að varpa ljósi á hvernig brotthvarf stúlkna er ólíkt brotthvarfi pilta. Vissulega er slakur námsárangur algeng ástæða brotthvarfs fyrir báða hópa (Bjarney Gígja Gísladóttir, 2009; Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022; Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2023) en ýmsir aðrir þættir hafa sérstaklega áhrif á brotthvarf stúlkna. Sem dæmi má nefna fjöldatakmörkanir í kvenlægar starfsgreinar, barneignir og þá fjárhagslegu ábyrgð sem fylgir því að ala upp börn (Bjarney Gígja Gísladóttir, 2009). Rannsóknir hafa einnig sýnt að afleiðingar brotthvarfs séu ólíkar fyrir kynin. Stúlkur flakka oft og tíðum á milli láglaunastarfa og barneigna á meðan piltar eiga greiðari aðgang að betur launuðum störfum án formlegrar menntunar (Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir, 2013). Hingað til hafa engar íslenskar rannsóknir náð til brotthvarfs stálpa en fyrri rannsóknir sýna að oft og tíðum líður hinsegin ungmennum illa í grunn- og framhaldsskólum og skólarnir eru misvel í stakk búnir til að skapa hinsegin nemendum öruggt námsumhverfi (Aðalbjörg Eva Aðalsteinsdóttir og Jón Ingvar Kjaran, 2019; Anna Mae Cathcart-Jones o.fl., 2025; Berglind Gísladóttir o.fl., 2018; Íris Björk Eysteinsdóttir og Íris Ellenberger, 2025).

### ***Efnahagslegar og félagslegar hlíðar brotthvarfs***

Brotthvarf verður ekki aðeins skýrt út frá einstaklingsbundnum þáttum á borð við kyn heldur er nauðsynlegt að skoða einnig efnahagslegar og félagslegar aðstæður nemenda. Rannsóknir hafa sýnt að tengslin milli efnahagslegrar stöðu heimila og brotthvarfs nemenda eru skýr (Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014). Fjárhagsstaða heimilis og nauðsyn þess að verða fjárhagslega sjálfstæð eru meðal þeirra atriða sem nemendur nefna oft sem ástæðu fyrir að hverfa frá námi (Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir, 2013; Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2023).

Að einhverju leyti virðist atvinnuþátttaka framhaldsskólanema vera íslensk hefð en sumir nemendur neyðast til að stunda vinnu meðfram námi til að sjá sér og fjölskyldum sínum farborða. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar frá árinu 2020 vann tæplega helmingur framhaldsskólanema með námi (Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2020), sem bendir til þess að þátttaka á vinnumarkaði sé einn af þeim þáttum sem geti haft áhrif á námsframvindu og líta þurfi til þegar brotthvarf er skoðað.

Einnig er mikilvægt að beina sjónum að auknum líkum á brotthvarfi á meðal nemenda sem búa við veika efnahagslega stöðu (Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022), en þessir nemendur eru einnig líklegri en aðrir til að sýna litla hegðunarlega skuldbindingu til náms, sem birtist m.a. í lélegri mætingu og trúfandi hegðun (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014). Eins og áður kom fram þá er íslenska skólakerfið sveigjanlegt og algengt að nemendur sem hverfa frá námi snúi aftur síðar, en hópurinn í veikustu efnahagslegu stöðunni er á hinn bóginn ólíklegur til að snúa aftur í nám (Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022).

Menntunarstig foreldra er annar félagslegur þáttur sem tengist brotthvarfi ungs fólks úr námi (Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022; Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2023). Líkur á brotthvarfi og námstöfum aukast með minni menntun foreldra (Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022). Fræðimenn hafa útskýrt þessi áhrif út frá menningarlegu auðmagni sem birtist m.a. í hæfni til að nýta skólakerfið sér í hag. Þar sem menningarlegt auðmagn dreifist ekki jafnt viðhelst þó félagsleg mismunun og ójöfnuður (Auður Magnús Magnúsdóttir og Sonja Kosunen, 2024; Bourdieu, 1986; Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir, 2013; McKenna og Simmie, 2024).

Einnig getur viðurkenning og stuðningur foreldra við nám spáð marktækt fyrir um hvort ungmenni ljúki námi. Í rannsókn Kristjónu Stellu Blöndal og Sigrúnar Aðalbjarnardóttur (2009) kom í ljós að þau sem töldu sig njóta stuðnings voru líklegri til að klára nám en þau sem upplifðu lítið aðhald eða áhuga af hálfu foreldra. Þær hafa einnig sýnt fram á að uppeldisaðferðir foreldra geta spáð fyrir um brotthvarf óháð námsárangri og félagslegri og efnahagslegri stöðu (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014). Þessar rannsóknir sýna fram á mikilvægi þess að markvisst sé rýnt í hlutverk foreldra í námi og skólagöngu barna sinna.

### **Samtvinnun og framtíðarvæntingar**

Í umræðu og rannsóknnum um brotthvarf nemenda úr námi er mikilvægt að horfa til þess að menntakerfið er ekki hlutlaust, heldur hannað í samræmi við ríkjandi valdakerfi og gegnir þannig hlutverki í að viðhalda yfirráðum þeirra hópa sem þegar njóta forréttinda (Auður Magnús Magnúsdóttir, 2022; Berglind Rós Magnúsdóttir og Sonja Kosunen, 2024). Afleiðingin er sú að nemendur sem falla utan við þessi forréttindakerfi, vegna kyns eða annarra félagslegra þátta, standa frammi fyrir margvíslegum hindrunum í námi (Connor o.fl., 2015). Þessar hindranir eru ekki einungis einstaklingsbundnar heldur verða til og viðhaldast í gegnum orðræðu, stofnanir og menntapolítíska stefnumörkun sem endurspeglar og styrkir félagslegt stigveldi (Lykke, 2010; Yuval-Davis, 2006). Brotthvarf frá námi verður því ekki skýrt með einni breytu eða einstaklingsbundnum þáttum heldur verður að greina það í ljósi þess hvernig fjölbætt misrétti og kerfislægir þættir tvinnast

saman og takmarka tækifæri nemenda til náms (Peguero o.fl., 2016). Var það gert með því að rýna í niðurstöður rannsóknarinnar út frá feminískum kenningum um samtíðinn mismunabreyta (e. intersectionality).

Hugmyndin um samtíðinn mismunabreyta var sett fram af Kimberlé Crenshaw (1989) í þeim tilgangi að lýsa samspili kyns og hörundslitar í lífi og reynslu svartra kvenna í Bandaríkjunum. Hún hélt því fram að þegar rannsakendur horfðu eingöngu til kyns væri yfirleitt athyglinni beint að hvítum konum en þegar eingöngu væri horft til hörundslitar beindust sjónir frekar að svörtum körlum en konum. Báðir þessir þættir hefðu þó áhrif á reynslu fólks og tækifæri. Eins og fram hefur komið þá hefur athyglin í meiri mæli beinst að þeim piltum sem hverfa frá námi í íslenskum framhaldsskólum en stúlkum. Kyn er alltaf samofið öðrum félagslegum þáttum eins og stétt og uppruna og getur því hvorki eitt og sér orsakað brotthvarf né verið því ótengt (Peguero o.fl., 2016). Hugmyndir Crenshaw um samtíðinn mismunabreyta lögðu grunn að þverfaglegri og gagnrýnni feminískri nálgun sem miðar að því að greina margþætta mismunun og félagslegt misrétti í samfélögum (Lykke, 2010), og hentar vel þegar skoða á flókið samhengi brotthvarfs frá námi.

Í framhaldinu má horfa til gagnrýnna hugmynda um framtíðarvæntingar (e. critical futurity) sem beina sjónum að því hvernig menntakerfi móta ekki einungis núverandi stöðu nemenda heldur einnig hvaða framtíð þeim er ætlað að tilheyra (Kafer, 2013; Kristín Björnsdóttir og Ólafur Páll Jónsson, 2024). Í skýrslu um niðurstöður LÆ um ungmenni sem annars vegar voru í námi eða höfðu lokið námi (skólahópur) og hins vegar nemendur sem höfðu horfið úr námi (brotthvarfshópur) kom til dæmis í ljós að hlutfallslega fleiri í skólahópnum sáu sig sem stjórnendur eða sérfræðinga í framtíðinni samanborið við þau sem tilheyrðu brotthvarfshópnum (Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2023). Ef slík störf eru skilgreind sem eftirsóknarverð og merki um árangur má velta fyrir sér af hverju nemendur úr brotthvarfshópnum höfðu ekki sömu væntingar til þessara starfa. Mögulega endurspeglar svör þátttakenda stofnanabundnar væntingar og orðræðu sem mótast hvaða framtíð er talin raunhæf eða æskileg fyrir mismunandi hópa nemenda. Slíkar væntingar endurspeglar einnig í inntökuskilyrðum framhaldsskólanna og frjálssu skólavali þar sem kerfið velur ekki eingöngu nemendur með því að skilgreina hvaða hæfni er verðmæt heldur einnig með því að skilgreina hvaða skólar og námsleiðir leiða til „betri“ framtíðar, oft og tíðum nemendum með sterkan félags- og efnahagslegan bakgrunn í hag (Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2024). Þess vegna er mikilvægt að við rannsóknir á brotthvarfi sé hugað að því hvernig brotthvarf endurspeglar jafnt fortíð, nútíð og framtíð skólakerfisins. Slík sýn varpar ljósi á hverjir tilheyra skólakerfinu, hverjir eru jaðarsettir og hvernig samfélagið sér fyrir sér framtíð þessara nemenda og menntakerfisins í heild (Kristín Björnsdóttir og Ólafur Páll Jónsson, 2024).

## Markmið og rannsóknarspurningar

Markmið rannsóknarinnar var að greina hvernig félagslegir og efnahagslegir þættir tengjast brotthvarfi úr framhaldsskóla. Skoðað var hvort og hvernig þessir þættir ráðast af kyni og móta framtíðarsýn ungmenna sem horfið hafa frá námi.

Rannsóknarspurningar eru eftirfarandi:

1. Hvernig tengjast fjárhagslegt bakland, menntun foreldra, hvatning foreldra og kyn líkum á brotthvarfi úr námi í framhaldsskóla?
2. Hvernig tengjast fjárhagslegt bakland, menntun foreldra, hvatning foreldra og kyn framtíðarsýn ungmenna utan skóla?

## Aðferð

### Þátttakendur

Þýði könnunarinnar var hópur ungmenna sem uppfylltu eftirfarandi skilyrði: 1) voru búsett á Íslandi, 2) höfðu íslenskt ríkisfang, 3) voru orðin 18 ára þegar könnunin fór fram og 4) voru yngri en 25 ára á þeim tíma sem könnunin fór fram sumarið 2022. Árið 2022 voru 16.912 piltar, 16.092 stúlkur og 35 stálp á aldrinum 18–24 ára á Íslandi (Hagstofa Íslands, e.d.-c). Flokkunarkerfi Hagstofunnar lítur fram hjá ríkisfangi einstaklinga í mannfjöldagögnum og því erfitt að áætla hversu hátt hlutfall einstaklinga á aldrinum 18–24 ára var útilokað frá þátttöku í könnuninni. Hlutfall íbúa með alþjóðlegan bakgrunn hefur margfaldast á síðastliðnum 20 árum (Ólöf Garðarsdóttir o.fl., 2022) og voru einstaklingar með erlent ríkisfang (óháð aldri) um 15% árið 2022 (Hagstofa Íslands, e.d.-b).

Úrtakið var lagskipt á grundvelli upplýsinga úr Þjóðskrá og Innu. Þýðinu var skipt í tvo aðskilda hópa. Annars vegar var skólahópur sem samanstóð af ungmönnum sem annaðhvort voru skráð í nám á framhaldsskólastigi eða höfðu lokið slíku námi samkvæmt upplýsingum í Innu. Hins vegar var brotthvarfshópur sem fól í sér ungmenni sem aldrei höfðu verið skráð í nám á framhaldsskólastigi eða hætt námi án þess að ljúka prófi samkvæmt Innu. Upplýsingar um einstaklinga utan skóla fengust úr Innu með aðkomu Mennta- og barnamálaráðuneytisins. Að hópaskiptingu lokinni var dregið einfalt slembiúrtak 1.000 ungmenna úr brotthvarfshópnum. Í kjölfarið var skólahópnum lagskipt eftir aldri í heilum árum og dregið úrtak úr honum sem endurspeglar aldursdreifingu úrtaksins úr brotthvarfshópnum.

Könnunin var símakönnun og fór fram í gegnum Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sumarið 2022. Svörum var safnað í spurningakönnunarforritið Qualtrics. Úrtaksstærð var 2.000 einstaklingar og voru 1.000 í hvorum hóp. Í heild var svarhlutfall 43,9% en 602 svör bárust frá einstaklingum sem voru í námi<sup>1</sup> eða höfðu lokið námi og 276 svör frá einstaklingum í brotthvarfshópnum. Talsverður munur var á svörum í brotthvarfshópi annars vegar (27,6%) og skólahópi hins vegar (60,2%). Þetta getur leitt til brottfallsbjaga (e. non-response bias) en þá skapast hættu á að niðurstöðurnar endurspegli ekki þýðið á fullnægjandi hátt (Fowler o.fl., 2019).

Þátttakendur könnunarinnar voru samtals 878 einstaklingar á aldrinum 18–24 ára. Í brotthvarfshópnum voru piltar í miklum meirihluta (71,6%) en í skólahópnum var kynjahlutfall pilta (48,9%) og stúlkna (50,1%) mun jafnara. Stálp voru 1–2% í báðum hópum. ÍÆ skilgreinir erlendan bakgrunn þátttakenda eftir fæðingarlandi foreldra. Ef báðir foreldrar voru fæddir erlendis var þátttakanda gefinn erlendir bakgrunnur, annars íslenskur. Flestir svarendur voru af íslenskum uppruna (97,5%). Skiptingu þátttakenda eftir kyni, stöðu í námi og bakgrunni má sjá í *Töflu 1*.

<sup>1</sup> 611 einstaklingar svörðu könnuninni en 9 svör voru ógild og því ekki tekin með í tölfræðilega útreikninga.

**Tafla 1***Bakgrunnur þátttakenda*

Breyta	Brotthvarfshópur		Skólahópur		Alls	
	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%	<i>n</i>	%
<b>Kyn</b>						
Piltar	197	71,6	294	48,9	491	56,1
Stúlkur	72	26,2	301	50,1	373	42,6
Stálp	6	2,2	6	1,0	12	1,3
Svara ekki	1		1		2	
<b>Menntun móður</b>						
Háskóli	99	44,0	335	60,9	434	56,0
Framhaldsskóli og stutt háskólanám	69	30,7	138	25,1	207	26,7
Grunnskólanám	57	25,3	77	14,0	134	17,3
Svara ekki	45		46		91	
<b>Menntun föður</b>						
Háskóli	51	23,8	199	36,6	250	33,0
Framhaldsskóli og stutt háskólanám	104	48,6	242	44,5	346	45,6
Grunnskólanám	59	27,6	103	18,9	162	21,4
Svara ekki	56		52		108	

**Mælitæki**

Könnun ÍÆ meðal ungs fólks sem hefur hætt námi eftir grunnskóla með samanburð við ungt fólk sem er í eða hefur lokið námi var framkvæmd sumarið 2022. Þetta er í eina skiptið sem könnunin hefur verið lögð fyrir. Spurningalistinn var saminn af Ársæli Má Arnarsyni, prófessor við Menntavísindasvið, Kristjönu Stelli Blöndal, prófessor við Félagsvísindasvið og starfsfólki Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands. Könnunin í heild sinni metur fimm farsældarvísa og eru þátttakendur spurðir um félagslega og efnahagslega stöðu, áhrifaþætti á brotthvarf, heilsu og líðan, framtíðarsýn og vímuefnanotkun. Valdir voru fjórir þættir úr gagnasafninu til að skoða líkur á brotthvarfi og tveir þættir til að skoða framtíðarsýn en valið byggir á fyrirliggjandi þekkingu á brotthvarfi (Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022; Kristjana Stella Blöndal, 2014; Rumberger, 2011, 2024).

***Brotthvarf***

Brotthvarf úr námi eftir grunnskóla var eina háða breyta rannsóknarinnar. ÍÆ skilgreinir ungmenni í brotthvarfi ef þau hafa aldrei verið skráð í nám á framhaldsskólastigi eða hætt námi án þess að ljúka prófi.

***Kyn***

Kyn var óháð breyta og voru svarmöguleikar þrír; 1 karlkyn, 2 kvenkyn og 3 kynsegin. Í greininni er vísað til pilta, stúlkna og stálpa þar sem þátttakendur voru allir undir 25 ára aldri og teljast því enn vera ungmenni skv. evrópskum skilgreiningum (Eurostat, e.d.-a). Þar sem stálpin voru fá ( $n = 12$ ) var ekki hægt að bera svör þeirra saman við svör pilta og stúlkna og þess vegna ekki notuð í tvíundagreiningunni eða samanburði á kynjum. Í samræmi við meginreglur gagnafeminisma (e. data feminism?; D'Ignazio og Klein, 2020) er stálpunum lýst með lýsandi tölfræði til að koma í veg fyrir að þau verði ósýnileg í umræðunni um brotthvarf frá námi.

<sup>2</sup> Gagnafeminismi er fræðileg nálgun þar sem áhersla er lögð á að afhjúpa og útskýra valdatengsl, hlutdrægni og útilokun í rannsóknum. Með gagnafeminisma er stuðlað að sýnileika jadarsettra hópa í niðurstöðum rannsókna og áhersla lögð á samfélagslega ábyrgð við gagnauðvinnslu og túlkun.

### ***Félagsleg og efnahagsleg staða***

Félagsleg og efnahagsleg staða var óháð breyta metin með tveimur spurningum. Annars vegar voru þátttakendur spurðir: „Hversu sterkt peningalegt bakland hefur þú í foreldrum þínum eða öðrum aðstandendum?“ Svarmöguleikar voru fjórir, frá 1 mjög veikt til 4 mjög sterkt. Hins vegar voru þátttakendur spurðir um menntun foreldra og flokkaði starfsfólk ÍÆ svörin í þrjá flokka; háskólanám, framhaldsskóli og stutt háskólanám og grunnmenntun eða minna. Við úrvinnslu gagna voru búnir til þrjár nýir flokkar; hvorugt foreldrið háskólamenntað (1), annað foreldri háskólamenntað (2) og báðir foreldrar háskólamenntaðir (3).

### ***Hvatning foreldra***

Hvatning foreldra var óháð breyta sem metin var með einni spurningu. Þátttakendur voru spurðir: „Hvert af eftirtöldu lýsir því best hversu mikla eða litla hvatningu við námið þú fékkst frá foreldrum þínum þegar þú varst í grunnskóla?“ Svarmöguleikar voru fjórir, frá 1 mjög litla til 4 mjög mikla.

### ***Framtíðarsýn***

Framtíðarsýn var óháð breyta metin með tveimur spurningum. Þátttakendur voru spurðir: „Hversu oft myndir þú segja að eftirfarandi fullyrðingar hafi lýst tilfinningum þínum undanfarnar tvær vikur?“ Fullyrðingin var: „Ég hef verið bjartsýn(n) um framtíðina“. Svarmöguleikar voru fimm, frá 1 aldrei til 5 alltaf. Þátttakendur voru einnig spurðir: „Hvert af eftirtöldu lýsir því best hversu líklegt þú telur að þú verðir í starfi sem þér finnst skemmtilegt þegar þú verður 30 ára?“ Svarmöguleikarnir voru fjórir, frá 1 nær útilokað til 4 nær öruggt.

### **Tölfræðileg úrvinnsla**

Tölfræðileg úrvinnsla fór fram með blöndu af lýsandi tölfræði og ályktunartölfræði, þar sem aðaláherslan var á að greina tengsl milli breyta sem varða brotthvarf úr námi. Öll tölfræðileg úrvinnsla fór fram í forritinu RStudio (2025.5.0.496), R(4.5.1). Niðurstöður voru settar fram sem meðaltöl og staðalfrávik og var áhrifastærðin metin með Cohen's  $d$  þar sem 0,2 eru lítil áhrif, 0,5 miðlungs áhrif og 0,8 mikil áhrif. Kí-kvaðrat próf var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum milli ólíkra hópa. Til að meta styrk tengsla í krosstöflum var stuðst við Cramers  $V$ . Viðmiðin sem notuð voru þegar minnsti fjöldi dálka eða raða í krosstöflu var 2 voru eftirfarandi: Gildi á bilinu 0,1–0,3 sýna lítil tengsl, 0,3–0,5 teljast miðlungs tengsl og gildi yfir 0,5 gefa til kynna sterk tengsl (Cohen, 1988). Marktektarmörk voru miðuð við 95% öryggisbil ( $\alpha = 0,05$ ).

Til að greina áhrifaþætti tengda brotthvarfi úr framhaldsskóla var notast við tvíundargreiningu (e. binary logistic regression). Sú aðferð hentar þegar háða breytan er tvíund (t.d. brotthvarf eða ekki) og gerir kleift að meta líkur á brotthvarfi út frá ýmsum óháðum breytum (Anna Helga Jónsdóttir og Sigrún Helga Lund, 2012). Sex líkön voru notuð til þess að spá fyrir um líkur á brotthvarfi og voru mátstuðlarnir AIC/BIC og gervi- $R^2$  (e. pseudo  $R^2$ ) notaðir til þess að meta mátgæði líkananna. Lægra AIC og BIC þýðir að líkanið passar betur fyrir gögnin og gervi- $R^2$  segir til um hversu mikinn breytileika spábreytan (e. predictor variable) skýrir í svarbreytunni (e. dependent variable). Við tölfræðilega úrvinnslu voru reiknuð jaðarmeðaltöl (e. marginal means) til þess að auðvelda túlkun á niðurstöðum.

Greiningarvinnan byggði ekki eingöngu á tæknilegum eða tölfræðilegum forsendum. Hún var meðvitund afstaða, unnin í anda gagnafemínisma (D'Ignazio og Klein, 2020), þar sem lögð var áhersla á að túlka tölfræðileg gögn í ljósi samfélagslegra valdatengsla og samtvinnunar (Crenshaw, 1989). Aðferðafræðileg sýn höfunda mótast af þeirri gagnrýnu hugsun að gögn séu ekki hlutlaus heldur endurspeglir ákvarðanir um hvað sé mælt, hverjir séu mældir og hverjir verði ósýnilegir í gögnunum. Til dæmis var gagnaskortur varðandi kynsegin þátttakendur ekki túlkaður sem „skekka“ sem einfaldlega þyrfti að bæta með stærra úrtaki, heldur sem vísbending um kerfisbundna jaðarsetningu

í gagnasöfnun og þekkingarsköpun. Í anda staðsetningar-þekkingarfræði (e. situated knowledge) var viðurkennt að takmörk gagnanna endurspeglu valdaójöfnuð í samfélaginu sem einnig ratar inn í rannsóknarferlið sjálft (Haraway, 1988). Tölfræðigreiningin var því ekki framkvæmd í félagslegu tómarúmi heldur sem hluti af gagnrýninni og réttlætismiðaðri rannsóknaraðferð (D'Ignazio og Klein, 2020).

## Síðferðileg álitamál

Ábyrgð á framkvæmd könnunarinnar var í höndum Menntavísindastofnunar Háskóla Íslands og kom það í hennar hlut að tryggja óþvingað og upplýst samþykki hjá þátttakendum. Gagnagrunnur ÍÆ er opinn með gjaldfrjálsum aðgangi en gögnin eru ekki persónugreinanleg og því tryggt að ekki sé hægt að rekja svör til einstaka þátttakenda eða skóla (Íslenska æskulýðsrannsóknin, e.d.). Höfundar greinarinnar framkvæmdu þá tölfræðilegu greiningu sem hér er greint frá og einsettu sér heilindi með því að fylgja eftir þeim grunnildum sem Síðanefnd háskólanna (2020) hefur sett fram í síðareglum sínum.

## Niðurstöður

### Félagslegar og efnahagslegar aðstæður

Við athugun á lýsandi tölfræði kom í ljós að Cohen's *d* sýndi lítinn til miðlungs mun á hópnum. Skólahópurinn mat sig betur staddan fjárhagslega<sup>3</sup> ( $d = 0,43$ ) og upplifði meiri hvatningu frá foreldrum ( $d = 0,42$ ) við nám í grunnskóla í samanburði við brotthvarfshópinn. Menntunarstig foreldra skólahópsins var hærra ( $d = 0,45$ ). Skólahópurinn var einnig bjartsýnni á framtíðina ( $d = 0,29$ ) heldur en brotthvarfshópurinn og líklegri til að sjá sig í „skemmtilegu“ starfi við 30 ára aldurinn ( $w = 0,27$ ). Þrátt fyrir að munur hafi verið á hópnum þá var hann lítill (Tafla 2).

### Tafla 2

*Samanburður á brotthvarfshópi og skólahópi á bakgrunnsbreytum og framtíðarsýn*

Breyta	Spönn	Brotthvarfshópur		Skólahópur		<i>p</i>	<i>d</i>
		<i>M</i>	<i>SF</i>	<i>M</i>	<i>SF</i>		
Menntun foreldra <sup>a</sup>	1-3	1,49	0,68	1,84	0,83	<0,001	0,45
Fjárhagslegt bakland <sup>b</sup>	1-4	2,88	0,81	3,21	0,76	<0,001	0,43
Hvatning foreldra <sup>c</sup>	1-5	3,87	1,19	4,30	0,93	<0,001	0,42
Bjartsýni um framtíðina <sup>d</sup>	1-5	3,65	1,06	3,92	0,86	<0,001	0,29
Skemmtilegt starf í framtíðinni <sup>e</sup>	1-4	3,17	0,75	3,35	0,60	<0,001	0,27

*Athugasemd.* Breytunum er raðað frá mesta til minnsta munar á hópum skólahóp í vil. *d* = Áhrifsstærð Cohens.

<sup>a</sup>Hvorugt foreldri háskólamenntað (1), annað foreldri háskólamenntað (2) og báðir foreldrar háskólamenntaðir (3)

<sup>b</sup>Mjög veikt (1), frekar veikt (2), frekar sterkt (3) og mjög sterkt (4)

<sup>c</sup>Mjög litla (1), frekar litla (2), hvorki mikla né litla (3), frekar mikla (4) og mjög mikla (5)

<sup>d</sup>Aldrei (1), sjaldan (2), stundum (3), oft (4) og alltaf (5)

<sup>e</sup>Nær útilokað (1), ólíklegt (2), líklegt (3) og nær öruggt (4)

Sex tvíundarlíkön voru mátuð við gögnin. Líkan 1 mat áhrif kyns á líkur á brotthvarfi. AIC/BIC = 1.031,36/1.040,88 og gervi- $R^2 = 0,04$  svo kyn eitt og sér skýrði um 4% breytileika á brotthvarfi. Líkan 2 mat áhrif fjárhagslegs baklands á brotthvarf. AIC/BIC = 1.014,73/1.033,70 og gervi- $R^2 = 0,04$  svo fjárhagslegt bakland skýrði um 4% breytileika í brotthvarfi. Líkan 3 sameinaði kyn og fjárhagslegt bakland í fjölbreytulíkani AIC/BIC = 972,31/996,01 og gervi- $R^2 = 0,08$ . Þetta líkan skýrði um 8% breytileika og passaði betur við gögnin heldur en bæði líkan 1 og 2. Í líkani 4 var


<sup>3</sup> Í könnuninni var spurt um peningalegt bakland en í þessari grein verður hugtakið fjárhagslegt bakland notað.

samvirkni (e. interaction) bætt við til að kanna hvort áhrif fjárhagslegs baklands væru ólík eftir kyni. AIC/BIC = 974,28/1.012,21 og gervi- $R^2$  = 0,08. Samvirkni bætti ekki mátgæði. AIC hækkaði lítillega miðað við líkan 3 og BIC hækkaði töluvert, sem benti til að flóknara líkan skilaði ekki betri mátgæðum. Líkan 5 mat áhrif menntunar foreldra á brotthvarf. AIC/BIC = 1.040,17 / 1.054,47 og gervi- $R^2$  = 0,04. Líkan 5 skýrði um 4% breytileika á brotthvarfi. Líkan 6 mat áhrif hvatningar foreldra á brotthvarf. AIC/BIC = 1.041,59 / 1.065,37 og gervi- $R^2$  = 0,08 skýrði um 8% breytileika.

Þegar sambandið milli fjárhagslegs baklands og brotthvarfs var skoðað sýndi líkanið (líkan 2) að líkurnar á brotthvarfi voru minnstar meðal þátttakenda með mjög sterkt fjárhagslegt bakland, eða 19,6% ( $p < 0,001$ ). Eins og sést á *Mynd 1* jukust líkurnar þegar fjárhagslegt bakland þátttakenda veiktist og voru þær mestar hjá þeim sem höfðu frekar veikt fjárhagslegt bakland eða 49,1% ( $p < 0,001$ ).


## Mynd 1

Líkur á brotthvarfi eftir fjárhagslegu baklandi (líkan 1)



Líkan 1 ( $p < 0,001$ ) sýndi einnig að piltar voru marktækt líklegri, 40,1%, ÖB [35,9%, 44,5%], til hverfa frá námi í samanburði við stúlkur, 19,3% ÖB [15,6%, 23,6%]. Stálpín voru það fá að ekki var hægt að bera svör þeirra saman við svör annarra en 50% ( $n = 6$ ) voru í brotthvarfshópnum. Sambandið á milli kyns, fjárhagslegs baklands og brotthvarfs var einnig skoðað með líkani 3. Sennileikahlutfallspróf var notað til að bera saman líkan með meginhrifum (líkan 3) við líkan sem hafði bæði meginhrif og samvirkni milli kyns og fjárhagslegs baklands (líkan 4). Líkan með samvirkni spáði ekki marktækt betur ( $p = 0,28$ ) fyrir um brotthvarf heldur en líkan eingöngu með meginhrifum. Þetta benti til þess að áhrif breytanna væru ekki útskýrð hver af annari.

Líkan 5 var notað til að skoða sambandið milli menntunar foreldra og brotthvarfs (sjá *Mynd 2*). Líkur á brotthvarfi voru minnstar, 15,4% ÖB [11%, 21,2%] ef báðir foreldrar voru með háskólamenntun ( $p < 0,001$ ) og mestar, 39,5% ÖB [35%, 44,2%] ef hvorugt foreldrið var með háskólamenntun ( $p < 0,001$ ).

**Mynd 2***Líkur á brotthvarfi eftir menntun foreldra*

Kí-kvaðrat próf var notað til að reikna tölfræðilega marktækni á mun á hlutföllum svára um hvatningu foreldra meðal brotthvarfshóps annars vegar og skólahóps hins vegar. Marktækur munur var á milli hópanna en hlutfallslega fleiri í skólahópnum fengu mjög eða frekar mikla hvatningu frá foreldrum sínum (83%) á meðan hlutfallslega fleiri í brotthvarfshópnum fengu frekar eða mjög litla hvatningu (15%) eins og sjá má á *Töflu 3*.

**Tafla 3***Niðurstöður kí-kvaðrat prófa fyrir mun í krosstöflum varðandi félagslega stöðu*

Krosstöflur	$\chi^2$	<i>df</i>	<i>p</i>	<i>V</i>
Hvatning foreldra <sup>a</sup> eftir fjárhagslegu baklandi <sup>b</sup>	167,2	12	< 0,001	0,3
Hvatning foreldra <sup>a</sup> eftir hópum <sup>d</sup>	35,6	4	< 0,001	0,2
Hvatning foreldra <sup>a</sup> eftir menntun foreldra <sup>c</sup>	30,0	8	< 0,001	0,1
Hvatning foreldra <sup>a</sup> eftir kyni <sup>e</sup>	12,3	4	0,02	0,1

*Athugasemd.* Niðurstöðum er raðað frá mesta munar til minnsta munar í krosstöflum. *V* = Áhrifsstærð Cramers.

<sup>a</sup>Mjög litla (1), frekar litla (2), hvorki mikla né litla (3), frekar mikla (4) og mjög mikla (5)

<sup>b</sup>Mjög veikt (1), frekar veikt (2), frekar sterkt (3) og mjög sterkt (4)

<sup>c</sup>Hvorugt foreldri háskólamenntað (1), annað foreldri háskólamenntað (2) og bádír foreldrar háskólamenntaðir (3)

<sup>d</sup>Brotthvarfshópur (1) og skólahópur (2)

<sup>e</sup>Stúlkur (1) og piltar (2); stálp of fá til samanburðar

Þegar kynjamunur var skoðaður fyrir alla svarendur könnunarinnar kom í ljós að 81,9% stúlkna og 63,6% (*n* = 7) stálpa fengu frekar eða mjög mikla hvatningu við námið í grunnskóla frá foreldrum sínum. Piltarnir fengu hlutfallslega minni hvatningu í samanburði við stúlkur en 78,1% sögðust hafa fengið frekar eða mjög mikla hvatningu. Kynjamunur varðandi hvatningu foreldra var marktækur en óverulegur milli stúlkna og pilta eins og sjá má í *Töflu 3*.


Þegar hvatning foreldra var skoðuð með hliðsjón af fjárhagslegu baklandi fyrir alla þátttakendur könnunarinnar kom í ljós að 84,5% þeirra sem bjuggu við sterkt peningalegt bakland töldu sig

fá frekar eða mjög mikla hvatningu frá foreldrum sínum við nám, í samanburði við 54,9% þeirra sem höfðu veikt fjárhagslegt bakland í foreldrum eða öðrum aðstandendum. Eingöngu 4,6% svarenda með sterkt fjárhagslegt bakland fengu frekar eða mjög litla hvatningu frá foreldrum sínum í samanburði við 28,2% þeirra sem höfðu veikt fjárhagslegt bakland. Þar sem lágmarksfjöldi dálka eða raða í þessari krosstöflu var fjórir má túlka muninn á flokkunum sem mikinn (sjá *Töflu 3*).

Hvatning foreldra var einnig skoðuð með tilliti til menntunar foreldra og var marktækur munur á hlutföllum svara (sjá *Töflu 3*). Í ljós kom að 92,1% þátttakenda sem áttu tvo háskólamenntaða foreldra fengu frekar eða mjög mikla hvatningu við nám í grunnskóla, 78,8% þátttakenda sem áttu eitt háskólamenntað foreldri fengu frekar eða mjög mikla hvatningu og 73,5% þátttakenda þar sem hvorugt foreldrið var háskólamenntað fengu frekar eða mjög mikla hvatningu. Líkan 6 gaf til kynna að hvatning foreldra hefði marktæk áhrif á líkurnar á brotthvarfi. Eins og sjá má á Mynd 3 voru líkur á brotthvarfi meiri þegar hvatning foreldra við nám í grunnskóla var frekar og mjög lítil ( $p < 0,001$ ).

### Mynd 3

Líkur á brotthvarfi eftir hvatningu foreldra við nám í grunnskóla (líkan 6)



### Framtíðarsýn og brotthvarf

Þátttakendur könnunarinnar voru beðnir um að meta tilfinningar sínar undanfarnar tvær vikur með tilliti til þess hvort þeir hefðu verið bjartsýnir á framtíðina. Hlutfallslega færri í brotthvarfshópnum, 60,8%, höfðu verið alltaf eða oft bjartsýnir um framtíðina í samanburði við 76,3% skólahópsins. Tiltölulega fáir þátttakendur höfðu aldrei eða sjaldan verið bjartsýnir eða 12,1% meðal þátttakenda í brotthvarfshópnum og 7,1% meðal þátttakenda í skólahópnum. Kí-kvaðrat próf var notað til að reikna tölfræðilega marktækni á mun á hlutföllum svara um tilfinningar til framtíðarinnar meðal brotthvarfshóps annars vegar og skólahóps hins vegar. Marktækur munur var á hópnum (sjá *Töflu 4*).

**Tafla 4***Samantekt kí-kvaðrat prófa fyrir mun í krosstöflum varðandi framtíðarsýn*

Krosstöflur	$\chi^2$	<i>df</i>	<i>p</i>	<i>V</i>
Bjartsýni um framtíðina <sup>a</sup> eftir hópum <sup>b</sup>	32,1	4	<0,001	0,2
Bjartsýni um framtíðina <sup>a</sup> eftir kk og kvk <sup>c</sup>	24,4	4	<0,001	0,2
Hugmyndir um skemmtilegt framtíðarstarf <sup>d</sup> eftir hópum <sup>b</sup>	22,6	3	<0,001	0,2
Bjartsýni pilta um framtíðina <sup>a</sup> eftir hópum <sup>b</sup>	18,4	4	0,001	0,2
Hugmyndir pilta um skemmtilegt framtíðarstarf <sup>d</sup> eftir hópum <sup>b</sup>	11,9	3	0,008	0,1

*Athugasemd.* Niðurstöðum er raða frá mesta til minnsta munar í krosstöflum. *V* = Áhrifsstærð Cramers.

<sup>a</sup>Aldrei (1), sjaldan (2), stundum (3), oft (4) og alltaf (5)

<sup>b</sup>Brotthvarfshópur (1) og skólahópur (2)

<sup>c</sup>Stúlkur (1) og piltar (2; stálp of fá til samanburðar)

<sup>d</sup>Mjög veikt (1), frekar veikt (2), frekar sterkt (3) og mjög sterkt (4)

<sup>e</sup>Mjög litla (1), frekar litla (2), hvorki mikla né litla (3), frekar mikla (4) og mjög mikla (5)

<sup>f</sup>Nær útilokað (1), ólíklegt (2), líklegt (3) og nær öruggt (4)

Þegar kynjamunur var skoðaður með tilliti til tilfinninga um framtíðina fyrir þátttakendur í heild kom í ljós að marktækur munur var á stúlkum og piltum (sjá *Töflu 4*). Stúlkurnar voru alltaf eða oft bjartsýnar um framtíðina í 74,2% tilfella en piltarnir í 70,0% tilfella. Stálpin voru hins vegar alltaf eða oft bjartsýn í 63,6% tilvika en í 18,2% (*n* = 2) höfðu þau sjaldan verið bjartsýn á framtíðina. Ekkert þeirra var aldrei bjartsýnt undanfarnar tvær vikur en eitt þeirra svaraði ekki spurningunni. Sem fyrr voru stálpin of fá til samanburðar við aðra þátttakendur.

Ekki var marktækur munur á tilfinningum stúlkna í brotthvarfshópnum í samanburði við stúlkur í skólahópnum. Á hinn bóginn var marktækur munur á hlutföllum meðal pilta sem voru í brotthvarfshópnum annars vegar og skólahópnum hins vegar (sjá *Töflu 4*). Piltar í skólahópnum voru oft bjartsýnir á framtíðina (75,6%) í samanburði við pilta úr brotthvarfshópnum, 61,5%. Í brotthvarfshópnum höfðu 11,8% pilta aldrei eða sjaldan verið bjartsýnir á framtíðina en 6,5% pilta í skólahópnum. Ekki var marktækur munur á tilfinningum þeirra sem höfðu sterkt fjárhagslegt bakland í samanburði við þau sem höfðu veikt fjárhagslegt bakland. Það var ekki heldur marktækur munur miðað við menntunarstig foreldra og ekki var tölfræðilega áhugavert samband á milli hvatningar foreldra við nám í grunnskóla og tilfinninga þátttakenda um framtíðina.

Framtíðarsýn þátttakenda var einnig skoðuð út frá því starfi sem þeir sáu sig í við 30 ára aldurinn. Skólahópurinn var sem fyrr bjartsýnni og hlutfallslega öruggari um að vera í skemmtilegri vinnu við 30 ára aldurinn heldur en brotthvarfshópurinn. Ekki var marktækur munur á milli kynja hvort heldur í heild eða út frá skóla- og brotthvarfshópum, en aftur á móti var marktækur en óverulegur munur á hlutföllum pilta í skólahóp í samanburði við pilta í brotthvarfshóp. Hlutfallslega færri piltar (6,2%) í skólahópnum töldu ólíklegt að þeir væru í skemmtilegu starfi 30 ára miðað við pilta (15,1%) í brotthvarfshópnum (sjá *Töflu 4*).

**Umræður**

Markmið rannsóknarinnar var að greina hvernig félagslegir og efnahagslegir þættir tengjast brotthvarfi úr framhaldsskóla. Skoðað var hvort og hvernig þessir þættir ráðast af kyni og móta framtíðarsýn ungmenna sem horfið hafa frá námi. Leitast var við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Hvernig tengjast fjárhagslegt bakland, menntun foreldra, hvatning foreldra og kyn líkum á brotthvarfi úr námi í framhaldsskóla?
2. Hvernig tengjast fjárhagslegt bakland, menntun foreldra, hvatning foreldra og kyn framtíðarsýn ungmenna utan skóla?

Í eftirfarandi umræðu eru niðurstöður rannsóknarinnar settar í samhengi við fyrri rannsóknir og feminískar kenningar um samtvinnun.

## Félagslegir og efnahagslegir þættir

Niðurstöður rannsóknarinnar voru í samræmi við fyrri rannsóknir á brotthvarfi þar sem sýnt var fram á að fjárhagslegt bakland í foreldrum og öðrum aðstandendum, menntunarstig foreldra (Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022) og hvatning foreldra við nám í grunnskóla (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014) væru allt þættir sem gætu spáð fyrir um líkur á brotthvarfi.

Þegar niðurstöður tengdar efnahagslegum þáttum eru túlkaðar ber að hafa í huga að ekki var tekið tillit til þeirra tekna sem þátttakendur höfðu aflað sér sjálfir meðfram námi sínu en um 50% íslenskra framhaldsskólanema vinna með skóla (Margrét Lilja Guðmundsdóttir o.fl., 2020). Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að veikt fjárhagslegt bakland jók líkur á brotthvarfi bæði fyrir piltar og stúlkur en piltar voru líklegri en stúlkur að hverfa frá námi í framhaldsskóla óháð fjárhagslegu baklandi. Það sýnir að það þurfi annars vegar að tryggja aðgengi að námi óháð fjárhagslegri stöðu nemenda og hins vegar að skoða sérstaklega hvernig hægt sé að styðja við þá piltar, stúlkur og stálp sem eru í brotthvarfshættu.

Byggt á gögnum könnunarinnar er ekki ljóst í hvaða námi nemendurnir voru þegar þeir hættu en brotthvarf úr hefðbundnu bóknámi hefur verið talsvert minna á undanförunum árum í samanburði við starfsnám (Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022). OECD (2023) hefur lagt áherslu á mikilvægi starfsnáms fyrir samfélög en hlutfallslega færri nemendur eru í starfsnámi á Íslandi samanborið við hin Norðurlöndin. Íslensk skólayfirvöld hafa í þessu samhengi sett sér það markmið að auka vægi starfsnáms með menntastefnu sinni 2020–2030 (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2023) en það er galli á könnuninni að ekki hafi verið aflað upplýsinga um námsval brotthvarfshópsins, sérstaklega þar sem ýmsir áhættuþættir (t.d. kyn, félagslegar og efnahagslegar aðstæður) eru ríkjandi meðal nemenda í starfsnámi (Elsa Eiríksdóttir og Sæberg Sigurðsson, 2023; Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2024).

Vitað er að stúlkur sækjast frekar í almennt bóknám heldur en starfsnám á meðan meirihluti þeirra sem sækjast í starfsnám eru piltar (Elsa Eiríksdóttir og Sæberg Sigurðsson, 2023) og hefði verið gagnlegt að skoða líkur á brotthvarfi kynja í samhengi við námsval og námsleiðir. Þar sem piltar eru líklegri en stúlkur að sækja starfsnám og svo líklegri til að hverfa frá námi er mikilvægt að beina sjónum sérstaklega að starfsnáminu og hvernig hægt væri að styðja betur við nemendur og skuldbindingu þeirra til náms (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2014; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016). Piltar eru einnig líklegri en stúlkur til að ljúka starfsnámi (Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016) og hefði verið upplýsandi að skoða hvort stúlkurnar úr brotthvarfshópnum hefðu hætt í almennu bóknámi, kvenlægu eða karllægu starfsnámi. Því hefur verið haldið fram að fjöldatakmarkanir í hefðbundnum starfsgreinum kvenna geti haft neikvæð áhrif á námsframvindu stúlkna (Bjargey Gígja Gísladóttir, 2009) en brotthvarf stúlkna úr starfsnámi árið 2019 var 31,6% í samanburði við 12,7% úr almennu bóknámi (Hagstofa Íslands, e.d.-a). Einnig hefur verið bent á að stúlkur upplifi gjarnan fordóma og neikvæðan vinnuanda í karllægu vinnustaðanámi (Katrín Björg Ríkarðsdóttir, 2011) sem eru þættir sem líklega munu hafa áhrif á námsframvindu og brotthvarf. Stjórnvöld, verkmenntaskólar og Samtök iðnaðarins hafa markvisst unnið að vitundarvakningu um konur í karllægum starfsgreinum með það í huga að leiðrétta kynjahallann (sjá til dæmis kvennastarf.is, e.d.). Ekki hefur verið unnið eins markvisst að því að auka þátttöku karla í kvenlægum starfsgreinum á borð við snyrtifræði og sjúkraliðun.

Gagnlegt er að skoða brotthvarf úr framhaldsskóla í samhengi við endurkomuhlutfallið annars vegar og virkni íslenskra ungmenna hins vegar. Endurkomuhlutfallið er hátt (Kolbeinn Hólmar Stefánsson

og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022) og hlutfall þeirra sem eru hvorki í skóla né á vinnumarkaði er lágt (OECD, 2024). Þessi staðreynd setur brotthvarfshlutfallið í annað samhengi. Fræðimenn hafa velt upp þeirri spurningu hvað sé ásættanlegt brotthvarfshlutfall (Kristjana Stella Blöndal, 2014; Rumberger, 2011) en til að svara því þarf væntanlega að skoða mismunandi afleiðingar brotthvarfs fyrir ólíka hópa, eins og til dæmis kynin. Sem dæmi þá hafa rannsóknir sýnt að stúlkur sem hverfa frá námi lenda oft og tíðum í flóknum félagslegum aðstæðum sem einkennast af lágláunastörfum og fjölskyldumyndun snemma á ævinni og gerir þeim erfitt fyrir að snúa aftur í nám (Bjargey Gígia Gísladóttir, 2009; Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir, 2013). Á sama tíma hefur þátttaka á vinnumarkaði skilað piltum öruggari efnahagslegum aðstæðum (Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir, 2013). Með öðrum orðum þá getur brotthvarf stúlkna haft djúpstæð félags- og efnahagsleg áhrif á líf þeirra og mögulega leitt til varanlegrar jaðarsetningar í samfélaginu. Sé litið til feminískra kenninga um samtímann má sjá hvernig efnahagslegar og félagslegar aðstæður skarast og skapa piltum og stúlkum ólíkar aðstæður (Crenshaw, 1989). Svo virðist sem staða stúlkna sem hverfa frá námi í framhaldsskólum sé vanmetin innan menntakerfisins en tækifæri pilta til náms séu einnig takmörkuð þar sem litið er gert til að víkka möguleika þeirra, til dæmis með því að hvetja þá til náms í kvenlægari greinum. Þetta kallar á endurskoðun stefnu og aðgerða sem eiga að tryggja jöfn tækifæri til menntunar og draga úr félagslegri jaðarsetningu.

Þó að kynbundin áhrif brotthvarfs séu mikilvæg er ekki síður nauðsynlegt að skoða félagslegan bakgrunn nemenda. Rannsóknir sýna að menntunarstig foreldra hefur afgerandi áhrif á líkur á brotthvarfi, sem bendir til kerfislegrar hlutdrægni. Mestar líkur á brotthvarfi voru hjá nemendum sem áttu foreldra með minni menntun líkt og fyrri rannsóknir hafa sýnt (Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022). Ef menntunarstig foreldra getur spáð fyrir um líkur á brotthvarfi þá hlýtur það að merkja að skólakerfið sé ekki hlutlaust heldur miklu frekar hannað fyrir ríkjandi hópa samfélagsins, hópa sem búa yfir þeirri færni að geta nýtt skólakerfið sér í hag (Auður Magnús Auðardóttir, 2022; Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir, 2013). Í því samhengi má velta upp þeirri spurningu hvort ekki sé ástæða til að ræða opinskátt hvernig megi auka aðgengi að námi óháð félagslegum bakgrunni nemenda (Berglind Rós Magnúsdóttir og Sonja Kosunen, 2024; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2024).

Auk fjárhagslegs baklands foreldra og menntunarstigs þeirra, þá hafði hvatning foreldra við námið í grunnskóla líka forspárgildi um brotthvarf og styðja þær niðurstöður einnig fyrri rannsóknir (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2009, 2014). Það vekur athygli að niðurstöðurnar sýndu að skólahópurinn fékk meiri hvatningu frá foreldrum sínum í grunnskóla í samanburði við brotthvarfshópinn. Eins og fram hefur komið skilgreinir ÍÆ brotthvarf sem ástand en þessar niðurstöður gefa vísbendingar um að brotthvarfið geti átt sér lengri aðdraganda og hefjist mögulega strax í grunnskóla (sjá t.d. Rumberger, 2011). Það vakti líka athygli að stúlkur fengu hlutfallslega meiri hvatningu frá foreldrum sínum við námið heldur en piltar sem sýnir hversu flókið er að finna nákvæmar eða skýrar ástæður brotthvarfs. Fjárhagslegt bakland og hvatning foreldra tengdust á þann hátt að þau sem bjuggu við sterkt bakland fengu hlutfallslega meiri hvatningu heldur en þau sem bjuggu við veikt bakland. Einnig fengu þeir þátttakendur sem áttu háskólamenntaða foreldra hlutfallslega meiri hvatningu heldur en þeir sem ekki áttu háskólamenntaða foreldra. Líklega helst þetta að einhverju leyti í hendur þar sem aukin menntun getur veitt aðgang að auknum tækifærum á vinnumarkaði. Þessi niðurstaða styður niðurstöður Kolbeins Hólmar Stefánssonar og Helga Eiríks Eyjólfssonar (2022) sem benda á að brotthvarf sé „ein af birtingarmyndum ójafnra tækifæra“ (bls. 25).

## Framtíðarsýn

Seinni rannsóknarspurningin sneri að framtíðarsýn þátttakenda og var annars vegar metin út frá tilfinningum þeirra til framtíðarinnar og hins vegar með því að spyrja þá um hversu líklegt þeim þætti að þeir yrðu í „skemmtilegu“ starfi við 30 ára aldurinn. Mikilvægt er að skoða framtíðarvæntingar í

samhengi við brotthvarf, ekki eingöngu væntingar nemenda heldur einnig væntingar skólakerfisins og samfélagsins (Kristín Björnsdóttir og Ólafur Páll Jónsson, 2024). Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar Kristjönu Stellu Blöndal o.fl. (2024) geta vinsælir bóknámsskólar valið sér nemendur sem hafa góðar einkunnir við lok grunnskóla og sterkan félags- og efnahagslegan bakgrunn á meðan nemendur sem lakar standa í bóklegum kjarnagreinum hafa takmarkað námsval. Þannig endurskapa skólarnir félagslega lagskiptingu samfélagsins og hafa „áhrif á framtíðarhorfur ungmenna þegar horft er til menntunar og stöðu á vinnumarkaði“ (bls. 16).

Niðurstöður rannsóknarinnar sem hér hefur verið til umfjöllunar sýndu að þátttakendurnir sem voru í skóla eða höfðu lokið námi voru hlutfallslega bjartsýnni á framtíðina en þeir sem höfðu horfið frá námi. Það birtist bæði í tilfinningum þeirra til framtíðarinnar og bjartsýni varðandi „skemmtilegt“ framtíðarstarf. Þrátt fyrir að ekki hafi verið hægt að greina marktækan kynjamun þá virðist draga úr bjartsýni meðal pilta utan skóla. Piltar sem höfðu hætt í námi voru marktækt minna bjartsýnir heldur en piltar í skólahópnum og væri áhugavert að komast að því hvort þeir upplifi brotthvarfið á neikvæðan hátt eða hvort þeim finnst þeir hafa glatað framtíðarmöguleikum sínum. Orðræðan um pilta í skólakerfinu hefur lengi verið neikvæð og byggir á þeim hugmyndum að þeir nái síður árangri í námi en stúlkur, geti ekki lesið sér til gagns og að íslenskir skólar henti betur stúlkum (sjá t.d. Tryggvi Hjaltason, 2024). Brýnt er að kanna hvort og þá hvernig þessi drengjaorðræða hefur áhrif á tilfinningar þeirra og líðan í tengslum við nám og brotthvarf.

Ekki var hægt að útskýra framtíðarsýn þátttakenda út frá félagslegum og efnahagslegum aðstæðum sem stangast að einhverju leyti á við niðurstöður rannsóknarinnar sem kynntar voru hér að framan um þátt foreldra í skólagöngu barna sinna (Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2009, 2014). Það ber þó að hafa í huga að þrátt fyrir að skólahópurinn hafi verið hlutfallslega bjartsýnni en brotthvarfshópurinn þá var meirihluti þátttakenda könnunarinnar bjartsýnn um framtíðina og öruggur um „skemmtilegt“ framtíðarstarf. Það væri samt sem áður áhugavert að leita frekari skýringa á þessum niðurstöðum og skoða þá sérstaklega verndandi þátt skólans í lífi ungmenna og hvernig nám geti mögulega verið uppspretta vonar um bjarta framtíð.

Tilgangur rannsóknarinnar var að dýpka þekkingu á brotthvarfi úr námi í framhaldsskóla með það í huga að hægt væri að nota niðurstöðurnar til að draga úr brotthvarfi. Ef það er raunverulegur vilji stjórnvalda og skólasamfélagsins að sporna við brotthvarfi þá þarf að víkja frá sjónarhorni kynjatvíhyggjunnar og skoða frekar hvernig aðstæður nemenda og kyn eru nátengd og móta námsferilinn. Slík nálgun krefst gagnrýnnar gagnaöflunar og greiningar í anda gagnafeminisma (D'Ignazio og Klein, 2020), þar sem markmiðið er ekki einungis að lýsa stöðunni heldur einnig að afhjúpa hverjir sjást, hverjir gleymast, og hvernig þekkingin sem liggur til grundvallar stefnumótun skólakerfisins mótar framtíðarmöguleika ungs fólks.

## Takmarkanir rannsóknarinnar

Eins og fram kom í kafla um þátttakendur var talsverður munur á svörum í brotthvarfshópi og skólahópi sem getur leitt til brottfallsbjaga (e. non-response bias). Þá skapast hætt á að niðurstöðurnar endurspegli ekki þýðið á fullnægjandi hátt (Fowler o.fl., 2019). Eins er vert að ítreka að svörum brotthvarfshópsins var mjög lág og undir þeim lágmarkskröfum sem gerðar eru til ytra réttmætis meginlegra rannsókna (Fowler, 2009). Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu skólahópin í jákvæðara ljósi heldur en brotthvarfshópin og má velja upp þeirri spurningu hvort spurningakannanir sem þessar henti betur þeim sem eru í skóla eða hafa lokið námi heldur en þeim sem hafa hætt námi. Þörf er á frekari rannsóknum sem geta varpað skýrara ljósi á líf ungmenna sem horfið hafa frá námi og fangað reynslu þeirra betur en rannsóknarkannanir sem þessi.

Þátttakendur rannsóknarinnar voru spurðir um menntun móður sinnar og föður og byggir það verklag á gagnkynhneigðarhyggju, þ.e. gert er ráð fyrir að fólk sé gagnkynhneigt. Því er líklegt að svörin endurspegli ekki fjölbreytt fjölskyldumynstur í íslensku nútímasamfélagi. Mikilvægt er að

spurningakannanir geri ráð fyrir alls konar fjölskyldumynstrum en í framsetningu á niðurstöðum rannsóknarinnar var talað um foreldra í stað mæðra og fedra (D'Ignazio og Klein, 2020).

Sá hópur sem hvað oftast er nefndur í áhættu á að hverfa frá námi eru nemendur af erlendum uppruna. Sem dæmi þá eru 40% þeirra sem eiga foreldri fætt erlendis öðrum líklegri til að hverfa frá námi (Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022). Mikil fjölgun hefur orðið á hlutfalli fólks með erlendan bakgrunn á Íslandi á undanförunum áratugum (Hagstofa Íslands e.d.-b), en hlutfallslega færri nemendur af erlendum uppruna hefja nám í framhaldsskóla við 16 ára aldurinn og eru þeir líklegri til að hverfa frá námi í samanburði við nemendur af íslenskum uppruna (Ólöf Garðarsdóttir o.fl., 2022). Við úrtak ÍÆ var ákveðið að útiloka einstaklinga með erlent ríkisfang og lagskipta ekki með tilliti til uppruna sem varð til þess að mjög fáir þátttakendur höfðu erlendan bakgrunn. Þess vegna var ekki hægt að draga svör þeirra fram í samanburði við aðra þátttakendur.

Í ljósi þess að inngildandi menntun (skóli án aðgreiningar) er opinber skólafélag og tiltölulega lítil aðgreining fatlaðra og ófatlaðra nemenda í íslensku skólakerfi (Kristín Björnsdóttir og Ólafur Páll Jónsson, 2024) er galli við úrtakið að ekki hafi verið lagskipt með tilliti til fatlaðra nemenda. Brotthvarfshlutfall meðal fatlaðra framhaldsskólanema er hátt í Evrópu (2025) og því hefði verið upplýsandi að fá samanburð við Ísland. Það getur reynst erfitt að nálgast tölfræðilegar upplýsingar um fatlað fólk á Íslandi sem hefur orsakað að það er oft og tíðum ósýnilegt í opinberu talnaefni sem ýtir undir jaðarsetningu þess í samfélaginu (D'Ignazio og Klein, 2020).

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að einhverju leyti skakka birtingarmynd brotthvarfs úr íslenskum framhaldsskólum. Í anda gagnafeminisma kallar það á gagnrýna ígrundun um hvernig gagnasöfnun og greining getur viðhaldið kerfisbundinni útilokun (D'Ignazio og Klein, 2020). Í skýrslu ÍÆ kemur fram að um helmingur þeirra sem hættu í framhaldsskóla hafði verið lagður í einelti í grunnskóla (Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2023). Það hefði því verið upplýsandi að greina eineltið nánar út frá breytum eins og uppruna, kyni og kynhneigð. Í könnunum sem þessum er almennt ekki spurt hvers eðlis eineltið er sem útilokar möguleikann á að greina hvort það hafi átt rætur að rekja til útlendingahatars, hinsegin fordóma, ableisma (e. ableism) eða annarra kerfislægra fordóma. Ljóst er að þessir hópar eru jaðarsettir bæði innan menntakerfisins (Berglind Gísladóttir o.fl., 2018; Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson, 2022; Ólöf Garðarsdóttir o.fl., 2022) og í þeim rannsóknum sem miða að því að afla upplýsinga um skólakerfið sem heild.

### **Early school leavers: Intersectionality in the Icelandic Youth Research Survey**

Early school leaving from upper secondary education remains one of the most pressing challenges facing education systems worldwide. In Iceland, dropout levels remain high compared to other OECD countries, with around one in five students leaving upper secondary education without completing it in recent years. The consequences of dropout are significant for individuals, who face reduced access to employment, lower lifetime earnings and fewer educational opportunities. This study aimed to expand the current understanding of upper secondary school dropout in Iceland by examining how social and economic factors shape young people's likelihood of leaving school and their visions for the future, while also considering the role of gender through an intersectional, feminist framework. The study used data from the Icelandic Youth Research Survey conducted in the summer of 2022, which included 878 participants aged 18–24. The sample was stratified into two groups: those currently enrolled in or having completed upper secondary education (“in-school group”,  $n = 602$ ) and those who had never enrolled or had withdrawn without completing upper secondary education (“dropout group”,  $n = 272$ ). Logistic regression analyses were used to examine the predictive value of financial background, parental education, parental encouragement and gender on dropout

likelihood. Furthermore, chi-square tests and effect size measures were used to examine differences in the two groups' future outlook. Findings confirmed well-established gender disparities: boys were significantly more likely to have dropped out (40.1%) than girls (19.3%). However, the authors emphasise that gender alone does not explain dropout risk. Financial and social resources were powerful predictors. Young people who reported strong financial support were least likely to have left school. In contrast, those with weaker financial backing were far more likely to belong to the dropout group, demonstrating that economic security remains a key enabler of educational continuity. Similarly, parental education was strongly associated with dropout. When both parents held university degrees, the dropout likelihood was only 15.4%. In contrast, when neither parent had higher education, the probability increased to 39.5%. These findings align with theories of cultural capital, suggesting that families with higher levels of education are better equipped to guide children through the school system and instil academic expectations. Parental encouragement also emerged as a significant factor: participants who reported receiving little support during compulsory education were considerably more likely to have left school later on. Notably, encouragement itself was socially stratified, i.e. students with strong financial backing or university-educated parents were far more likely to recall high levels of parental support, suggesting that advantage clusters within families and compounds over time. The study additionally explored how social inequalities shape students' imagined futures. When asked about optimism, dropout participants were less likely to report having recently felt hopeful about the future, and fewer believed they would have a job they enjoyed by age 30. Although gender differences were less pronounced in future expectations among girls, boys in the dropout group were significantly less optimistic than boys still in school. The authors interpret these outcomes through the lens of critical futurity, arguing that schooling not only influences present access to learning but also shapes the futures young people are encouraged, or discouraged, to imagine as possible for themselves. Grounded in feminist theories of intersectionality, the study challenges simplified narratives that portray dropout chiefly as a problem among boys. While boys are over-represented in dropout statistics, girls and gender-diverse youth experience their own pathways to marginalisation, including barriers related to vocational education access, caregiving expectations, discrimination in work-based learning and limited visibility in public discourse around dropout. The authors argue that education systems are not neutral; they are structured around existing social hierarchies that can reinforce inequalities for young people whose identities, resources and families differ from the norms schools implicitly privilege. Overall, the results show that dropout in Iceland cannot be understood solely as an individual choice or a matter of academic performance but must be considered within a broader social context. Financial, cultural and emotional support from home – deeply intertwined with gender and social class – shape whether students remain and succeed in upper secondary education, and how they view their own futures. The study concludes that policy measures aimed at reducing dropout must not only target academic outcomes, but actively dismantle systemic barriers that limit belonging, support and opportunity for marginalised groups. Doing so is essential to creating an equitable school environment where all young people can imagine and pursue fulfilling futures.

**Keywords:** early school leavers, gender, socio-economic background, parental education, parental, encouragement, futurity, intersectionality

## Um höfunda

Kristín Björnsdóttir (kbjorns@hi.is) er prófessor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún lauk BM-prófi í músíkþerapiu frá East Carolina University 1997, fékk kennsluréttindi í grunn- og framhaldsskóla 1999, lauk meistaraprófi í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskóla Íslands 2002 og doktorsprófi í fötlunarfræði frá sama skóla 2009. Rannsóknir hennar hafa m.a. snúið að inngildandi skólastarfi. <https://orcid.org/0000-0002-4233-3458>

Hjördís Birna Ingvadóttir (hbi9@hi.is) er nemandi í hagnýttri stærðfræði við Raunvísindadeild Háskóla Íslands.

## About the authors

Kristín Björnsdóttir (kbjorns@hi.is) is a Professor at the School of Education, University of Iceland. She completed a BM in Music Therapy from East Carolina University in 1997, gained her teaching qualification for primary and secondary schools in 1999 and completed a master's degree in Education from the University of Iceland in 2002 and PhD in Disability Studies in 2009. Her research has focused on, among other topics, inclusive education. <https://orcid.org/0000-0002-4233-3458>

Hjördís Birna Ingvadóttir (hbi9@hi.is) is a student of Applied Mathematics at the Faculty of Physical Sciences, University of Iceland.

## Heimildir

- #kvennastarf. (e.d.). *Samstarfsaðilar að baki #kvennastarf*. <https://kvennastarf.is/samstarfsadilar/>
- Aðalbjörg Eva Aðalsteinsdóttir og Jón Ingvar Kjaran. (2019). Heterósexísk orðanotkun íslenskra framhaldsskólanema. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2019.8>
- Anna Helga Jónsdóttir og Sigrún Helga Lund. (2012). *Tölfræði frá grunni*. Háskólaútgáfan.
- Anna Mae Cathcart-Jones, Auður Magnús Auðardóttir og Íris Ellenberger. (2025). „Ég ætla ekki að láta þetta foreldri stjóra hvernig ég kenni“: Starfsaðstæður kennara sem sinna hinsegin fræðslu. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2025/4>
- Auður Magnús Auðardóttir. (2022). Aðgreining, tilfinningar og kynjaður veruleiki foreldra í stéttskiptu þjóðfélagi. *Skírnr – Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags, 196*(vor), 31–52.
- Berglind Gísladóttir, Bjarki Grönfeldt, Álfgeir Logi Kristjánsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2018). Psychological well-being of sexual minority young adults in Iceland: Assessing differences by sexual attraction and gender. *Sex Roles, 78*(11-12), 822–832. <https://doi.org/10.1007/s11199-017-0847-7>
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Sonja Kosunen. (2024). Útvalin og úrvals: Stofnanaháttur elítuskóla og vegferð stúdentsefna í Reykjavík og Helsinki. *Sérít Netlu 2024 – Framhaldsskólinn: Menntastefna og félagslegt réttlæti*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2024.1>
- Bjargey Gígja Gísladóttir. (2009). „Ég ætla að verða sú fyrsta sem útskrifast ... í einhverju“: Brotthvarf stúlkna úr framhaldsskóla, kynlegar hindranir og framtíðardraumar [meistararitgerð í menntunarfræðum frá Háskólanum á Akureyri]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/3159>
- Bourdieu, P. (1986). The forms of capital. Í J. E. Richardson (ritstjóri), *Handbook of theory of research for the sociology of education* (bls. 241–258). Greenwood Press.
- Cohen, J. (1988). *Statistical power analysis for the behavioral sciences*. Lawrence Erlbaum Associates.
- Connor, D. J., Ferri, B. A. og Annamma, S. A. (2015). *DisCrit: Disability studies and critical race theory in education*. Teachers College Press.
- Crenshaw, K. (1989). Demarginalizing the intersection of race and sex: A black feminist critique of antidiscrimination doctrine, feminist theory and antiracist politics. *University of Chicago Legal Forum, 139*–167. <https://chicagounbound.uchicago.edu/uclf/vol1989/iss1/8/>

- D'Ignazio, C. og Klein, L. F. (2020). *Data feminism*. The MIT Press.
- Elsa Eiríksdóttir og Rosvall, P.-Á. (2019). VET teachers' interpretations of individualisation and teaching of skills and social order in two Nordic countries. *European Educational Research Journal*, 18(3), 355–375. <https://doi.org/10.1177/1474904119830022>
- Elsa Eiríksdóttir og Sæberg Sigurðsson. (2023). Starfsnám eða bóknám: Aðsókn nemenda og þróun framhaldsskólastigsins. *Skólaþræðir*. <https://skolathraedir.is/2023/07/03/starfsnam-eda-boknam/>
- Eurostat. (e.d.-a). *Children and youth: Overview*. <https://ec.europa.eu/eurostat/web/children-youth>
- Eurostat. (e.d.-b). *Educational attainment level and transition from education to work*. [https://webgate.ec.europa.eu/eurostat/cache/metadata/en/edat1\\_esms.htm](https://webgate.ec.europa.eu/eurostat/cache/metadata/en/edat1_esms.htm)
- Eurostat. (2025-a, 13. nóvember). *Early school leavers: High share for youth with disability*. <https://ec.europa.eu/eurostat/web/products-eurostat-news/w/ddn-20251113-1>
- Eurostat. (2025-b). *Eurostat regional yearbook: 2025 edition*. European Union.
- Ferri, B. A. og Ashby, C. (2017). U.S. inclusion in the era of neoliberal educational reforms. Í F. Dovigo (ritstjóri), *Special educational needs and inclusive practices: Studies in inclusive education* (bls. 21–31). Sense Publishers. [https://doi.org/10.1007/978-94-6300-857-0\\_2](https://doi.org/10.1007/978-94-6300-857-0_2)
- Forsætisráðuneytið. (2019). *Mælikvarðar um hagsæld og lífsgæði*. [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FOR/Fylgiskjol-i-frett/Hagsaeld\\_og\\_lifsgaedi.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/FOR/Fylgiskjol-i-frett/Hagsaeld_og_lifsgaedi.pdf)
- Fowler, F. J. (2009). *Survey research methods* (4. útgáfa). Sage. <https://doi.org/10.4135/9781452230184>
- Fowler, F. J., Brenner, P. S., Buskirk, T. D. og Roman, A. (2019). Telephone health survey estimates: Effects of nonresponse and sample limitations. *Health Services Research*, 54(3), 700–706. <https://doi.org/10.1111/1475-6773.13110>
- Gestur Guðmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir. (2013). Brotthvarf og endurkoma fullorðinna í nám á framhaldsskólastigi. *Tímarit um menntarannsóknir*, 10(1), 44–64. <https://timarit.is/page/6689429#page/n45/mode/2up>
- Gísli Gylfason og Gylfi Zoëga. (2021). Um pílta og stúlkur í íslenska menntakerfinu. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 30(2), 135–165. <https://doi.org/10.24270/tuuom.2021.30.11>
- Hagstofa Íslands. (e.d.-a). *Brautskráningarhlutfall og árgangsbrotthvarf af framhaldsskólastigi 1995–2023*. [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_skolamal\\_\\_3\\_framhaldsskolastig\\_\\_1\\_fsProf/SKO03223.px/table/tableViewLayout2/](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__3_framhaldsskolastig__1_fsProf/SKO03223.px/table/tableViewLayout2/)
- Hagstofa Íslands. (e.d.-b). *Mannfjöldi: Bakgrunnur*. <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/bakgrunnur/>
- Hagstofa Íslands. (e.d.-c). *Mannfjöldi eftir kyni og aldri 1841–2026*. [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar\\_\\_mannfjoldi\\_\\_1\\_yfirlit\\_\\_Yfirlit\\_mannfjolda/MAN00101.px/table/tableViewLayout2/](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__1_yfirlit__Yfirlit_mannfjolda/MAN00101.px/table/tableViewLayout2/)
- Hagstofa Íslands. (e.d.-d). *Nemendur eftir skólastigi, tegund náms, einstöku sviði og kyni 1997–2023*. [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_skolamal\\_\\_3\\_framhaldsskolastig\\_\\_0\\_fsNemendur/SKO03106.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal__3_framhaldsskolastig__0_fsNemendur/SKO03106.px)
- Hagstofa Íslands. (2023, 9. ágúst). *Herra brautskráningarhlutfall í framhaldsskólum*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/brautskraningarhlutfall-og-argangsbrotthvarf-af-framhaldsskolastigi-2021/>
- Haraway, D. (1988). Situated knowledges: The science question in feminism and the privilege of partial perspective. *Feminist Studies*, 14(3), 575–599. <https://doi.org/10.2307/3178066>
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Valgerður S. Bjarnadóttir. (2016). Meaningful education for returning-to-school students in a comprehensive upper secondary school in Iceland. *Critical Studies in Education*, 57(1), 70–83. <https://doi.org/10.1080/17508487.2016.1102754>
- Íris Björk Eysteinsdóttir og Íris Ellenberger. (2025). Staða hinsegin nemenda í grunnskólum Kópavogs: Viðhorf og ábyrgð skólastjórnenda. *Netla – Vefritarir um uppeldi og menntun*. <https://doi.org/10.24270/netla.2025/5>
- Íslenska æskulýðsrannsóknin. (e.d.). *Íslenska æskulýðsrannsóknin*. <https://iae.is/>
- Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2011). The development in Icelandic education: Situation in 2011 in the perspective of a century. Í P. Mikiewicz (ritstjóri), *Social capital and education: Comparative research between Poland and Iceland* (bls. 52–96). University of Lower Silesia.

- Jørgensen, C. H. (2015). Some boys' problems in education: – what is the role of VET? *Journal of Vocational Education and Training*, 67(1), 62–77. <https://doi.org/10.1080/13636820.2014.917694>
- Kafer, A. (2013). *Feminist, queer, crip*. Indiana University Press.
- Katrín Björg Ríkhardsdóttir. (2011). *Pú þarft bara að sanna þig: Reynsla kvenna af námi og starfi sem telst óhefðbundið fyrir kyn þeirra – húsasmíði og tölvunarfræði* [meistararitgerð í menntunarfræðum frá Háskólanum á Akureyri]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/9728>
- Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Helgi Eiríkur Eyjólfsson. (2022). *Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum*. Velferðarvaktin. <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Sk%C3%BDsla%20-%20brotthvarf%20%C3%BAr%20framhaldssk%C3%B3lum%2024.01.2022.pdf>
- Kristín Björnsdóttir og Ólafur Páll Jónsson. (2024). *Ótímabærir tímaþjófar í skólakerfinu: Skólaganga fatlaðra nemenda*. Í Snæfríður Þóra Egilson (ritstjóri), Fötlun, sjálf og samfélag: Birtingarmyndir og úrlausnarefni (bls. 233–261). Háskólaútgáfan.
- Kristjana Stella Blöndal. (2014). *Student disengagement and school dropout: Parenting practices and context* [doktorsritgerð, Menntavísindasvið Háskóla Íslands]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/19426>
- Kristjana Stella Blöndal, Elsa Eiríksdóttir og Guðrún Ragnarsdóttir. (2024). Stigveldi framhaldsskóla: Frjálst skólaval ýtir undir og endurskapar félagslega lagskiptingu. *Sérít Netlu 2024 – Framhaldsskólinn: Menntastefna og félagslegt réttlæti*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2024.3>
- Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Sólrún Sigvaldadóttir. (2016). *Sérkenni námsferils starfnámsnemenda í framhaldsskóla: Aftaða og skuldbinding til náms, líðan og stuðningur foreldra og skóla*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. <http://hdl.handle.net/1946/26433>
- Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Tannhäuser, A.-C. (2011). Dropout in a small society: Is the Icelandic case somehow different? Í S. Lamb, E. Markussen, R. Teese, J. Polesel og N. Sandberg (ritstjórar), *School dropout and completion: International comparative studies in theory and policy* (bls. 233–251). Springer Science+Business Media. [https://doi.org/10.1007/978-90-481-9763-7\\_13](https://doi.org/10.1007/978-90-481-9763-7_13)
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2009). Parenting practices and school dropout: A longitudinal study. *Adolescence*, 44(176), 729–749. <https://iris.hi.is/en/publications/parenting-practices-and-school-dropout-a-longitudinal-study-adole/>
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2014). Parenting in relation to school dropout through student engagement: A longitudinal study. *Journal of Marriage and Family*, 76(4), 778–795. <https://doi.org/10.1111/jomf.12125>
- Lykke, N. (2010). *Feminist studies: A guide to intersectional theory, methodology and writing*. Routledge.
- Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.
- Mausethagen, S., og Skedsmo, G. (2024). Hvordan ser forskningen på 'frafall' i videregående opplæring i Norge ut? *Norsk pedagogisk tidsskrift*, 108(2), 108–122. <https://doi.org/10.18261/npt.108.2.3>
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Erla María Tölgves, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Ingibjörg Eva Þórisdóttir, Þorfinnur Skúlason og Álfgeir Logi Kristjánsson. (2020). *Ungt fólk 2020: 8., 9. og 10. bekkur*. Unnið fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Rannsóknir og greining. <https://rannsoknir.is/wp-content/uploads/2020/10/Ungt-folk-8.-10.-bekkur-2020.pdf>
- McKenna, D. og Simmie, G. M. (2024). Framing early school leaving interventions and their policy responses: A critical literature review of mainstream narratives and counter-narratives. *International Journal of Critical Pedagogy*, 13(1), 67–88. <https://janeway.uncpress.org/ijcp/article/id/1285/>
- Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2023, 2. mars). *Meira og betra verknám*. <https://www.stjornarradid.is/efsta-baugi/frettir/stok-frett/2023/03/02/Meira-og-betra-verknam/>
- OECD. (2023). *Education at a glance 2023: OECD indicators*. <https://doi.org/10.1787/e13bef63-en>
- OECD. (2024). *Education at a glance 2024: OECD indicators*. <https://doi.org/10.1787/c00cad36-en>
- OECD/European Union. (2018). *Settling in 2018: Indicators of immigrant integration*. <http://doi.org/10.1787/9789264307216-en>
- Ólöf Garðarsdóttir, Eyrún María Rúnarsdóttir og Guðjón Hauksson. (2022). Alþjóðlegur bakgrunnur, skólasókn og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum 2001–2021. *Sérít Netlu 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar: Sérít til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2022.77>

- Peguro, A. A., Merrin, G. J., Hong, J. S. og Johnson, K. R. (2016). School disorder and dropping out: The intersection of gender, race, and ethnicity. *Youth & Society*, 51(2), 193–218. <https://doi.org/10.1177/0044118X16668059>
- Ragný Þóra Guðjohnsen, Ellen Dröfn Gunnarsdóttir, Hans Haraldsson, Ólöf Ragna Einarsdóttir og Unnar Geirdal Arason. (2023). *Íslenska æskulýðsrannsóknin: Könnun meðal ungs fólks utan skóla. Farsældarvísar hjá ungu fólki sem hefur hætt námi eftir grunnskóla með samanburði við ungt fólk sem er í eða hefur lokið námi.* [https://iae.is/wp-content/uploads/2024/11/utan\\_skola.pdf](https://iae.is/wp-content/uploads/2024/11/utan_skola.pdf)
- Ragný Þóra Guðjohnsen, Hans Haraldsson og Unnar Geirdal Arason. (2025). *Íslenska æskulýðsrannsóknin: Landskýrsla – Farsældarvísar grunnskóla vorönn 2025.* <https://doi.org/10.33112/AOLY9088>
- Rolfé, V. og Rosén, M. (2022). Delays and dropouts: Identifying risks of suboptimal post-compulsory educational pathways in Sweden. *Studia pedagogica: Success and failure in upper secondary education*, 27(4), 45–77. <https://doi.org/10.5817/SP2022-4-2>
- Rumberger, R. (2011). *Dropping out: Why students drop out of high school and what can be done about it.* Harvard University Press.
- Rumberger, R. (2024). Dropping out of high school: An international problem. Í M. Berends, B. Schneider og S. Lamb (ritstjórar), *The Sage handbook of sociology of education* (bls. 421–437). Sage. <https://doi.org/10.4135/9781529783506.n27>
- Salmela-Aro, K. og Tynkkynen, L. (2012). Gendered pathways in school burnout among adolescents. *Journal of Adolescence*, 35(4), 929–939. <https://doi.org/10.1016/j.adolescence.2012.01.001>
- Síðanefnd háskólanna. (2020). *Síðareglur háskólanna um vísindarannsóknir.* [https://www.hi.is/sites/default/files/ame18/reglur\\_sidanefnd\\_hv\\_5\\_nov\\_2020.pdf](https://www.hi.is/sites/default/files/ame18/reglur_sidanefnd_hv_5_nov_2020.pdf)
- Tryggvi Hjaltason. (2024). *Staða drengja í menntakerfinu: Tillögur að úrbótum.* Mennta- og barnamálaráðuneytið. <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Stada-drengja-i-menntakerfinu-loka.pdf>
- Yuval-Davis, N. (2006). Intersectionality and feminist politics. *European Journal of Women's Studies*, 13(3), 193–209. <https://doi.org/10.1177/1350506806065752>
- Æskulýðslög nr. 70/2007.



Kristín Björnsdóttir og Hjördís Birna Ingvadóttir. (2026)  
Brotthvarf úr framhaldsskóla: Mismunabreytur í Íslensku æskulýðsrannsókninni  
Netla – Vef tímarit um uppleði og menntun.  
[hvttps://doi.org/10.24270/seritnetla.2025.6](https://doi.org/10.24270/seritnetla.2025.6)